

Aðalfundur Heimssýnar í sal Þjóðminjasafnsins 15. nóvember 2009 kl 13.30 –17.00

Dagskrá:

1. Formaður, Ragnar Arnalds, setur fundinn, stjórnar kjöri fundarstjóra og fundarritara og flytur skýrsla stjórnar.
2. Ávarp: Styrmir Gunnarsson fv. ritstjóri.
3. Brynja Björg Halldórsdóttir flytur ávarp um unga fólkið og ESB-aðild.
4. Bjarni Harðarson, gjaldkeri, gerir grein fyrir endurskoðuðum reikningum og segir frá söfnun nýrra félaga.
5. Frosti Sigurjónsson gerir grein fyrir starfsáætlun næstu tveggja ára.
6. Ásmundur Einar Daðason fjallar um rök gegn ESB
7. Umræður um skýrslur og reikninga.
8. Kynntar tillögur um lagabreytingar.
9. Umræður um lagabreytingar.
- 10.Ákvörðun árgjalds.
- 11.Kosning formanns og varaformanns svo og stjórnar fyrir næsta starfsár og tveggja endurskoðenda
- 12.Önnur mál.
- 13.Fundarslit.

Tillaga um ný lög Heimssýnar - samtaka sjálfstæðissinna í Evrópumálum

I. Nafn og markmið

1. gr. Heimssýn, samtök sjálfstæðissinna í Evrópumálum, er þverpólitísk landssamtök fólks sem hefur mismunandi skoðanir á þjóðmálum en vinnur saman á vettvangi samtakanna til verndar íslensku sjálfstæði og lýðræði og álitur hagsmunum Íslendinga best borgið utan Evrópusambandsins.
2. gr. Hlutverk samtakanna er að stuðla að opinni umræðu um Evrópumál og sjálfstæða stöðu Íslands á alþjóðavettvangi með því að skipuleggja fundi og ráðstefnur, með opinberum ályktunum, útgáfu efnis um Evrópu- og alþjóðamál og á hvern þann hátt annan sem áhrifaríkastur þykir til þess að kynna og vekja athygli á málstað samtakanna.

II. Aðildarfélög og félagsmenn

3. gr. Allir þeir sem styðja þau markmið sem nefnd eru í 1. og 2. gr. geta gerst félagar í samtökunum. Stefnt skal að því að stofna aðildarfélög Heimssýnar sem víðast um land. Félagar í Heimssýn geta ýmist skráð sig í svæðisbundin aðildarfélög eða beint í landssamtökin.
4. gr. Hvert aðildarfélag setur sér eigin lög en ekki mega þau brjóta í bága við lög þessi eða aðrar samþykktir landssamtakanna.
5. gr. Meginhlutverk aðildarfélaga Heimssýnar er að vera tengiliður við félagsmenn um land allt og vettvangur til að samhæfa starf þeirra, eftir því sem tök eru á, svo og að kynna stefnu og starf Heimssýnar á viðkomandi félagssvæði. Sérstök áhersla er lögð á að fjölga félagsmönnum. Aðildarfélögin leita eftir fjárstyrkjum til eflingar á

starfsemi Heimssýnar og eigin starfsemi og stjórn jafnframt undirbúningi komandi þjóðaratkvæðagreiðslu á sínu aðildarsvæði í samvinnu við aðalskrifstofu Heimssýnar. Hver félagsdeild leitast við að senda sem flesta fulltrúa á landsfund Heimssýnar.

III. Landsfundur

6. gr. Landsfund samtakanna skal halda árlega og skulu reikningar lagðir þar fram til samþykktar. Reikningstímabil samtakanna er tímabilið milli landsfunda, þó skal miða við að því ljúki tveimur vikum fyrir landsfund. Til landsfundar boðar stjórn samtakanna með tryggum hætti. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum þessum.
7. gr. Fyrst um sinn eiga allir félagsmenn rétt til að sitja landsfund með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétti. Fulltrúaráð Heimssýnar getur ákveðið, ef þurfa þykir vegna mikillar fjölgunar féлага, að aðildarfélögin kjósi fulltrúa sína á landsfund, einn fyrir hverja sex félagsmenn, og fari þeir með formlegan atkvæðisrétt.
8. gr. Dagskrá landsfundar skal vera:
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga
 3. Umræður um skýrslu og reikninga
 4. Lagabreytingar
 5. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár og tveggja endurskoðenda, sbr. 10. gr.
 6. Ákvörðun árgjalds. Stefnt skal að því að styrktarframlög einstaklinga og fyrirtækja standi einkum undir útgjöldum samtakanna.
 7. Önnur mál.
9. gr. Lögum samtakanna verður aðeins breytt á landsfundi. Tillögum til breytinga skal skila til framkvæmdastjórnar þremur vikum fyrir landsfund og skal stjórn í fundarboði geta þess ef lagabreytingartillaga hefur komið fram. Nái breytingartillaga samþykki 2/3 hluta fundarmanna öðlast hún gildi.

IV. Stjórn og fulltrúaráð

10. gr. Í stjórn skulu kjörnir formaður og varaformaður, svo og þrjátíu aðrir aðalmenn og tíu til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta fundi sínum, sbr. 13. gr. Stjórnin kemur að jafnaði saman einu sinni í mánuði. Ávallt skal boða stjórnarfund ef þrír stjórnarmanna krefjast þess.
11. gr. Stjórn samtakanna ræður málefnum þeirra með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur ákvarðanir um starfsemi samtakanna og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum þeirra.
12. gr. Í fulltrúaráði Heimssýnar eiga sæti stjórn og varastjórn, svo og þrír fulltrúar frá hverju aðildarfélagi. Stjórnin boðar fulltrúaráð til fundar þegar sérstök ástæða er til og ekki sjaldnar en einu sinni á ári milli landsfunda.

V. Framkvæmdastjórn

13. gr. Í framkvæmdastjórn sitja níu stjórnarmenn hverju sinni: formaður samtakanna og varaformaður, kjörnir af landsfundi, svo og ritari og gjaldkeri og fimm aðrir sem stjórnin kýs úr sínum hópi til hálfis árs í senn. Framkvæmdastjórn kýs sér sjálf formann.
14. gr. Framkvæmdastjórn hefur yfirumsjón með daglegum rekstri á skrifstofu samtakanna í samvinnu við starfslíð sem hún ræður. Stefnt skal að því að framkvæmdastjórn komi að jafnaði vikulega saman til funda.